

Umgengni og virðing við grenndarskóginn (I)

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Vekja nemendur til umhugsunar um umgengni við grenndarskóg. Að nemendur læri að bera virðingu fyrir tilfinningum annarra og umhverfi sínu. Þjálfar leikni nemenda á vettvangi og eflir hæfni í verklegu námi.

Námsgreinar: Samfélagsfræði, íslenska, leiklist og lífsleikni.

Aldur: Yngsta stig og miðstig.



VERKLÝSING

Farið í grenndarskóg. Fyrst eru umræður um gildi skógarins fyrir nemendur, skólann og samfélagið, hugarflug um hvers virði hann sé. Rætt um hvers konar tré séu í skóginum, til hvers skógurinn sé notaður og mismunandi árstíðir.

Kennari í hlutverki: Kennari fer í ímyndunarleik með nemendum, setur sig í hlutverk barns og nemendur í hlutverk þorpsbúa. „Barnið“ talar við þorpsbúa og segir þeim frá gildi skógarins fyrir sig og þorpsbúa. En nú sé illt í efni þar sem trén í skóginum hafi ákveðið að fara úr skóginum því fólk gangi orðið svo illa um, skilji eftir rusl og skemmi trén.

Kyrrmyndir - raddbeiting: Kennari fær hvern og einn nemanda til að búa til stóra tréð með líkama sínum, hvernig þeir haldi að það líti út. Hver nemandi sýnir hópnum sitt tré og velur sér setningu sem tréð vill segja við þorpsbúa sem lýsir líðan þess. Hér er lögð áhersla á raddbeitingu, hvernig hljómar röddin þegar þeir segja setninguna.

Látbragð - hljóðmynd: Nemendur eru beðnir að sýna hvernig fólkinu í þorpinu leið við þær fregnir að skógurinn ætlaði að fara. Þeir leika nú með látbragði viðbrögð þorpsbúa. Skoðað og rætt hvernig við sýnum tilfinningar okkar án þess að nota orð.

Fundur: Fundur er settur í þorpinu vegna flóttu skógarins. Kennari er fundarstjóri. Hverjir fara á slíkan fund? Nemendur koma með tillögur, t.d. lögreglan, kennari, prestur, húsmóðir o.s.frv. Nemendur velja sér hlutverk. Umræðan er um hvaða áhrif hvarf skógarins hafi á afkomu þorpsbúa og hvað sé til ráða.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Vinnist með verkefnablaðinu „Umgengni og virðing við grenndarskóginn (II)“ hér í verkefnabankanum.

Hugmynd fengin og staðfærð úr „Leiklist í kennslu“.